

Nd.

20. Tillaga

til þingsályktunar um skipun nefndar til að gera tillögur um sparnað á útgjöldum rikissjóðs.

Flutningsmenn: Pjetur Ottesen, Þórarinn Jónsson, Jón Sigurðsson,
Hákon J. Kristófersson og Pjetur Þórðarson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skipa 7 manna nefnd til að athuga og gera tillögur um fækkun embætta og opinberra starfsmanna rikisins, svo og frekari sparnað i útgjöldum rikissjóðs.

Greinargerð.

Þar sem nú er svo háttáð, að mikill hluti af tekjum rikissjóðs gengur til þess að greiða laun og dýrtíðaruppbætur til embættismanna og starfsmanna rikisins, og hins vegar útlit fyrir að tekjur rikissjóðs gangi mjög til þurðar, þá virðist nauðsyn bera til, að athugað sje grandgæfilega, hvort ekki sje vegur til að fækka að einhverju leyti eða sameina embætti rikisins og draga úr útgjöldum þess á annan hátt.